

Siglingastofnun
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2002030043
3000; 9130

Reykjavík, 17. apríl 2002
/ÞFP

Efni: Sjóvörn, Breiðin, við Kárabæjarlóð og Bræðrapart, Akranesi. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð sjóvörn á Breiðinni við Kárabæjarlóð og Bræðrapart á Akranesi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akranesbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Akranesbæ með bréfi dags. 4. apríl 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002. Svör við umsögnum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 17. apríl 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða hækkun og að setja í skarð í fyrirliggjandi sjóvörn, alls á um 130 m löngum kafla og er áætluð efnisþörf um 1.350 m³. Sjóvarnir á Akranesi hafa verið boðnar út án þess að verkkaupi útvegi námurétt, en gerðar kröfur um gæði grjóts.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Akranesbæjar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdirnar séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagfæringu á fyrirliggjandi sjóvörn á Breiðinni við Kárabæjarlóð og Bræðrapart á Akranesi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er styrking á sjóvörn sem fyrir er, tekur til takmarkaðs svæðis og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér. Bent er á að áður en framkvæmdin hefst upplýsi Siglingastofnun Náttúruvernd ríkisins um hvaðan efni í grjótvörnina komi.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvörn á Breiðinni við Kárabæjarlóð og Bræðrapart á Akranesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun verkur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Akranesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Akranesbær og Náttúruvernd ríkisins